



Sjötti fundur stjórnar HSV, starfsárið 2024-25

Haldinn 1 apríl 2025. kl. 20:00.

Fundurinn var haldinn á heimili formanns.

Mættir: Sigurður Jón Hreinsson, Páll Janus Þórðarson, Sif Huld Albertsdóttir og Magnús Þór Bjarnason

- Formaður setur fundinn en á dagskrá eru sautján atriði.
- Dagsetning og staðsetning ársþings HSV 2025.
Lagt til fimmtudagurinn 22 maí og að þingið fari fram á Suðureyri. Formanni falið að kanna málið frekar og taka samtalið við Stefnir á Suðureyri um mögulega framkvæmd og veitingar á þinginu.
- Ársþing HSV.
Málefni og gögn sem taka á fyrir á ársþingi. Sif tekur að sér að athuga með hugsanlega reglugerðar- og lagabreitingar. Siggí skoðar mögulega ályktanir.
- Ársþing HSV.
VirkJa þarf uppstillingarnefnd í aðdraganda þingsins og tilkynna nefndarmönnum hvaða stjórnarmenn hafa mögulega áhuga á að halda áfram í stjórn.
- Iðkendatölur og Lottógreiðslur fyrir árið 2024.
Fyrir nokkru síðan skiluðu svæðisfulltrúar ÍSÍ og UMFÍ frá sér greinargerð um málið sem er lögð fram á þessum fundi og stjórnarmenn hafa kynnt sér. Í greinargerðinni kemur fram að fundist hafi dæmi um ofskráningar sem sjást hjá nokkrum aðildarfélögum HSV. Einnig kemur fram í greinargerðinni að öll stærstu félögin hafi tekið upp skráningar iðkenda í gegnum Sportabler og því sé fyrirsjáanlegt að áræðanlegri tölur verði fyrir árið 2024. Stjórn HSV tók einnig saman skráningu iðkenda og félagsmanna nokkur ár aftur í tíman og má sjá þær tölur í töflunni hér fyrir neðan. Eins og sést við skoðun á töflunni er breyting á iðkendafjölda milli árána 2022 og 2023 óverulegur og gefur ekki ástæðu til grunsemda.

Félag	2019 skv ársskýrslu hsv 2020			2020 skv ársskýrslu hsv 2021			2021 skv ársskýrslu hsv 2020			2022 skv ársskýrslu hsv 2021			2023 skv ársskýrslu hsv 2022			Afskilavef ísi 2023		
	F	I18-	I18+	F	I18-	I18+	F	I18-	I18+	F	I18-	I18+	F	I18-	I18+	F	I18-	I18+
G.Í.	151	13	138	158	10	158	171	11	146	180	8	158	180	8	158	206	13	193
Geisli	225	27	26	0	0	0	0	0	0	34	12	22	34	12	22	34	9	25
Gláma	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	5	5	0	5	5	0	2
Grettir	131	27	8	113	21	14	130	27	8	35	0	0	35	0	0	36	13	23
Hending	52	10	42	54	5	49	52	7	45	107	59	48	107	59	48	116	57	59
Höfrungur	262	12	98	250	3	62	261	4	106	100	22	2	100	22	2	325	35	12
Hörður	670	325	100	324	215	97	568	435	107	551	214	149	551	214	149	559	201	131
Ivar	44	4	14	34	3	16	44	4	14	46	5	11	46	5	11	49	3	12
Kubbi	62	0	62	62	0	62	0	0	0	67	0	67	67	0	67	68	0	68
SFI	485	124	5	619	57	6	499	132	14	568	160	6	568	160	0	584	99	2
Skotfélag	221	35	395	216	8	102	219	9	100	220	4	57	220	4	57	63	2	61
Stefnir	174	80	12	170	41	19	172	76	13	79	23	0	79	23	0	33	33	0
Stormur	135	16	86	124	10	99	136	12	93	0	26	112	0	26	112	69	2	51
Safari	341	6	44	0	0	0	0	0	0	88	66	0	88	66	0	108	74	0
TBI*	0	0	17	0	0	0	19	0	19	0	0	0	0	0	0	12	0	12
Vestri	1455	692	138	1232	350	171	1426	566	167	1606	451	140	1606	451	140	1783	454	105
Klúturfélag																51	19	32



6. Iðkendatölur og Lottógreiðslur fyrir árið 2024.
Stjórn HSV vill koma á framfæri þökkum til starfsmanna svæðisstöðva ÍSÍ og UMFÍ fyrir þeirra góðu vinnu við að svara fyrirspurnum frá foreldrum iðkenda og yfirferð yfir iðkendatölur aðildarfélagi HSV.
Það var engu að síður fyrirsjáanlegt að ekki væri mögulegt að ráðast í yfirgripsmikla endurskoðun á skráningar iðkenda.
Að fengnu álitu ÍSÍ og starfsmanna svæðisstöðva ÍSÍ og UMFÍ er það niðurstaða stjórnar HSV að heimila gjaldkera að greiða seinnihluta lottó-greiðslu ársins 2024.
7. Reglugerð um neyðarstjórn HSV.
Formaður HSV átti samtalið við lögfræðing ÍSÍ, um málið á dögnum. Í samtalinu kom fram að ef komi upp sú staða, að stjórn HSV verði óstarfhæf vegna afsagna stjórnarmanna, sé það í verkahring ÍSÍ að boða til ársþings HSV og sjá til þess að ný stjórn taki við. Í ljósi þessara upplýsinga ákveður stjórn HSV að draga til baka reglugerð um neyðarstjórn HSV.
8. Þjálfarasjóður.
Fyrir í vetur var auglýst eftir umsóknum í þjálfarasjóð. Þrjár umsóknir bárust, samtals að upphæð 1,011,400. kr. Árlegt framlag Ísafjarðarbæjar í þjálfarasjóð er kr. 890.883.- og ákveður stjórn að bæta ekki við þá upphæð að þessu sinni. Formaður mun setja sig í samband við stjórn þjálfarasjóðs og boða til fundar með þeim sem fyrst.
9. Búnaðarsjóður.
Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn fyrir í vetur. Engin stjórn er fyrir sjóðnum og engar eyrnamerkta tekjur, svo það er stjórnar HSV að ákveða mögulega upphæð til úthlutunar og hvaða umsóknir ber að styrkja. Málið verður skoðað betur og leitað eftir upplýsingum frá gjaldkera um tekjuafgang sem gæti nýst í úthlutunina.
10. Afrekssjóður.
Í janúar var auglýst til umsóknar, styrkir úr afrekssjóði HSV og var umsóknarfrestur til 26 janúar. Á dögnum fundaði stjórn Afrekssjóðs og sendi fundargerð í framhaldi af því á stjórn HSV.
Stjórn HSV gerir allnokkrar athugasemdir við ákvarðanir sjóðsins og mun óska eftir fundi með stjórn sjóðsins til að fá rökstuðning fyrir þeim atriðum. Jafnframt verður óskað eftir álitu frá lögfræðingi ÍSÍ.
11. Endurskoðun á samstarfssamningi HSV við Ísafjarðarbæ.
Þann 24 janúar sendi stjórn HSV póst á bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, í framhaldi af fundi um málið, þar sem bæjarstjóra voru tilkynntar ýmsar vanefndir af hálfu bæjarins gagnvart HSV. Stjórn HSV bíður eftir einhverjum viðbrögðum frá bænum við erindinu.



12. Vorfundur UMFÍ.

Dagana 9 til 10 maí nk. verður haldinn að Reykjum í Hrutafirði, vorfundur UMFÍ. Reiknað er með að formaður verði fulltrúi HSV á fundinum.

13. Íþróttaping ÍSÍ.

Dagana 16-17 maí heldur ÍSÍ íþróttaping. Formaður verður fulltrúi HSV á þinginu. Ályktun gegn þjóðarmorði, frá síðasta þingi verður lögð fram sem tillaga á þinginu.

14. Úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum.

Eftir afar umdeilda úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum, síðasta haust, skapaðist hálfgert stríðsástand innan íþróttahreifingarinnar hér á svæðinu, sem stóð langt fram eftir vetri. Stjórn HSV vann að því ötullega að finna sanngjarnari leið við úthlutun sem kynnt var með bréfi á viðkomandi íþróttafélög og skóla- íþrótt- og tómsbundanefnd um áramótin. Fyrir skemmstu auglýsti nefndin að til stæði að endurskoða úthlutunarreglurnar og var óskað eftir ábendingum frá aðildarfélögum HSV. Í ljósi þess að HSV hafði aðeins fyrir fáum misserum sent erindi um sama efni, sá stjórn HSV ekki ástæðu til að endurtaka sendinguna. Bíður stjórn HSV eftir að verða boðuð að borðinu í þetta samtal.

15. Bókun í fundargerð Samráðsfundar.

Formaður sat fund með bæjarstjóra og fulltrúum Handknattleiksdeildar Harðar vegna kvörtunar þeirra síðarnefndu undan orðalagi í fundargerð af samráðsfundi íþróttahreifingarinnar frá fimmtudeginum 26 mars. Fundargerðin var rituð eftirá, ekki undirrituð af neinum fundarmanna og er mjög ónákvæm um það sem fram fór að mati fulltrúa Harðar.

16. Formannafundur HSV.

Ákveðið að boða til fundar Miðvikudaginn 9 apríl. Að þessu sinni verða eingöngu formenn félaga boðaðir, ekki formenn deilda.

Fundarefni eru atriði sem varða aðdraganda ársþings HSV og önnur mál.

- Laga og reglugerðabreytingar.
- Endurnýjun á titlinum fyrirmyndarfélag.
- Lottógreiðslur.
- Stefnuleysi í íþróttamálum.

17. Önnur mál.

Ferðakostnaður landsbyggðafélaga.

Félög á Vestfjörðum búa við ósanngjarnan aðstöðumun þegar kemur að ferðalögum og þátttöku í landsmótum og keppnum. Vegalengdir og aðgengi að samgöngum gera það að verkum að kostnaður við að vera virkur þátttakandi í íþróttalífi á landsvísu er mun hærrí en hjá félögum á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn HSV telur brýnt að stjórnvöld og ÍSÍ bregðist við þessari þróun með markvissum aðgerðum sem styðja við



landsbyggðarlið sérstaklega. Leggur HSV til að bætt verði við ferðastuðningskerfi – til dæmis í formi loftbrúar, ÍSÍ fargjalda eða sambærilegra lausna – sem minnkar aðstöðumun og tryggir jafnræði til þátttöku óháð búsetu.

Ársfundir aðildarfélaga.

Formaður mun senda á aðildarfélög HSV, áminningu um að skila inn skýrslum í skilakerfi ÍSÍ og fá í tölvupósti skýrslur og ársfundargerðir til HSV.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð ritaði Siggí Hreins